

200

8. gr.

21. sept.

Öll aðkomuskip nema þau, sem undanskilin eru í 7. gr., 12 smálestir og stærri, greiði kr. 0.50 af hverri brúttósmálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó ekki oftar en 6 sinnum á ári.

Fyrir hvern uppskipunarbat skal greiða kr. 30.00 fyrir árið.

Innlend strandferðaskip skulu einungis greiða hafnargjald í fyrsta sinn, er þau koma í höfn ár hvert, og ekki oftar á því ári.

9. gr.

Hvert skip, sem leggst að bryggju eða skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af brúttósmálest skipsins, talið í heilum tölum:

a. Af aðkomnum bátum:

5— 12 smálestir	kr. 10.00
12— 40 smálestir	— 15.00
40— 60 smálestir	— 20.00
60—100 smálestir	— 30.00
100 smálestir og stærri	— 45.00

b. Öll önnur skip, þar á meðal strandferðaskip, skulu greiða kr. 0.20 af hverri nettósmálest.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. september 1950.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

201

AUGLÝSING

23. sept.

varðandi meðferð og útlát á tetraklórkoefni og triklóretýlen, sem ætluð eru til iðnaðar eða annarra verklegra nota, þar á meðal til heimilisnota.

1. gr.

Kaupmönnum og öðrum, er selja eða fara með tetraklórkoefni og triklóretýlen, er skylt að geyma efni þessi vandlega aðgreind frá matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum. Á ílát þau, sem efni þessi eru geymd í, skulu greinilega rituð með hvítu letri á svartan grunn orðin: *Varúð! Hættulegt!*

2. gr.

Þegar efni þessi eru afhent kaupanda, skulu ílát bera rauðan miða, sem á er letrað innihald, nafn seljanda og orðin: *Má ekki hella í flöskur eða ílát, sem notuð eru til drykkjar.* Auk þess skulu greinilega rituð á ílátið með hvítu letri á svartan grunn orðin: *Varúð! Hættulegt!* Eru ákvæði þessi óháð magni því, sem úti er látið. Ef magn það, sem úti er látið, er minna en 1000 g, skal enn fremur rita á ílátið með hvítu letri á svartan grunn orðin: *Má ekki nota til hárvotta.*

3. gr.

Efni þessi má ekki hafa á boðstólum eða láta úti í bjórflöskum, flöskum undan gosdrykkjum, mjólkurflöskum, áfengisflöskum eða sívölum lyfjaglösom, sem eru 750 ml að rúmmáli eða minni. Ekki má heldur láta efni þessi úti í öðrum ílátum, sem vegna lögunar eða útlits eru líkleg til að gefa tilefni til villandi hugmynda um innihald.

4. gr.

Nú er tetraklórcolefni eða triklóretýlen selt til sérstaklega tilgreindra nota undir sérheiti (blettavatn o. s. frv.), og skal þá greina rétt heiti efnanna ásamt sérheitinu.

5. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka til tetraklórcolefnis og triklóretýlens, þó að blönduð séu öðrum efnum.

6. gr.

Um brot gegn ákvæðum auglýsingar þessarar fer eftir 11. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

Framangreind ákvæði eru sett samkvæmt lögum nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 23. september 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald bifreiða og prófgjald bifreiðarstjóra.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 80 króna árlegt gjald til lögreglustjóra, þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skrásett. Gjald þetta greiðist í sama gjalddaga og miðast við sama gjaldár sem bifreiðaskatturinn.

Hafi bifreið eða bifhjól aðeins verið skrásett hluta úr gjaldárinu, þá skal gjaldið þeim mun lægra, að það verði 20 kr. fyrir hvern ársfjórðung eða hluta úr ársfjórðungi.

2. gr.

Fyrir próf bifreiðarstjóra greiði umsækjandi kr. 75.00.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, til að öðlast gildi 1. okt. 1950 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 198 25. okt. 1943, um skoðunargjald bifreiða og prófgjald bifreiðarstjóra, með áorðnum breytingum.

Í dómsmálaráðuneytinu, 8. september 1950.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.